

Velferðarsvið Akureyrarbæjar

Ársskýrsla 2022




Listaverk úr Skógarlundi

Efnisyfirlit

1	Velferðarsvið	1
2	Félagsþjónusta	2
2.1	Félagsleg ráðgjöf	2
2.2	Félagslegt húsnæði	4
2.3	Stuðnings- og stoðþjónusta (Heimaþjónusta).....	6
3	Þjónusta við börn	9
3.1	Fjölskyldustuðningur	9
3.2	Barnavernd	10
3.3	Búseta og vistun fatlaðra barna utan heimilis.....	12
4	Heimili og virkni.....	14
4.1	Plastiðjan Bjarg-Iðjulundur	14
4.2	Hæfingarstöðin í Skógarlundi.....	15
4.3	Laut athvarf fyrir geðfatlaða.....	16
4.4	Búsetuþjónusta fyrir fatlað fólk.....	17
4.5	Notendastýrð persónuleg aðstoð (NPA).....	18
4.6	Samráð við hagsmunasamtök notenda	18
5	Stöðugildi og þjónustutölur	19

1 Velferðarsvið



Mynd 1 - Skipurit velferðarsviðs

Í ársbyrjun 2021 tók velferðarsvið til starfa eftir sameiningu búsetusviðs og fjölskyldusviðs. Árið 2022 einkenndist af endalokum covid tímans sem hafði verið erfiður og tekið á bæði hjá notendum og starfsfólki. Helstu breytingar á árinu voru þær að tekið var á móti miklum fjölda flóttamanna síðari hluta ársins og innleiðing á samþættri þjónustu í þágu farsældar barna komst á skrið.

Brynja hússjóður kynnti metnaðarfulla áætlun um uppbyggingu íbúða á vegum sjóðsins á Akureyri á vordögum 2022. Brynja byrjaði að kaupa íbúðir í árslok 2022 og hefur lagt fram plön um kaup fyrir árið 2023. Á haustmánuðum var haldið áfram með hönnun nýs þjónustukjarna fyrir fatlað fólk að Hafnarstræti 16 sem á að vera tilbúinn vor/haust 2024. Hönnun á nýjum þjónustukjarna í Nonnahaga hófst einnig í lok árs.

Velferðarsvið vinnur ávallt eftir þeim lögum sem í gildi eru um þjónustu við börn, fatlað fólk, eldri borgara og fólk sem þarf á félagsþjónustu að halda. Undir sviðið heyra margir starfsstaðir sem sinna fötluðu fólki og börnum og mikill metnaður er lagður í að gera það sem best. Ýmis gagnreynd hugmyndafræði og aðferðir eru notaðar í þeirri vinnu. Þar má helst nefna; Þjónandi leiðsögn, Valdeflingu, Óhefðbundnar tjáskiptaleiðir, PMTO og TEACCH. Allir starfsmenn sitja námskeið og fá þjálfun í þeim aðferðum sem notaðar eru.

Þjónustusvæðið nær yfir Akureyri, Eyjafjarðarsveit, Hörgársveit, Grýtubakkahrepp og Svalbarðsstrandarhrepp skv. þjónustusamningum við sveitarfélögin um ráðgjafarþjónustu og samningi sveitarfélaganna um málaflokk fatlaðra.

2 Félagsþjónusta

Markmið félagsþjónustunnar er að tryggja fjárhagslegt og félagslegt öryggi. Félagsþjónustan býður upp á félagslega ráðgjöf auk eftirfarandi úrræða: fjárhagsaðstoð, félagslegt húsnæði, sérstakan húsnæðisstuðning, styrki til náms- og tækjakaupa. Í samráði við aðra stofnanir bæjarins hefur einnig verið boðið upp á atvinnuúrræði.

Þar að auki hafa ráðgjafar félagsþjónustunnar tekið að sér móttöku flóttafólks sem sækir um alþjóðlega vernd hér á landi.

2.1 Félagsleg ráðgjöf

Hlutverk félagslegrar ráðgjafar er annars vegar að veita upplýsingar og leiðbeiningar um ýmis félagsleg réttindi og hins vegar að veita stuðning vegna félagslegs og persónulegs vanda. Öll félagsleg ráðgjöf miðar að hjálp til sjálfshjálpar, þannig að einstaklingurinn geti sem best notið sín í samfélaginu. Verkefni félagslegrar ráðgjafar eru til dæmis ráðgjöf vegna fjölskyldumála, fjárhagsvanda, húsnæðisskorts, vímuefnaneyslu, skilnaðar, sjúkdóma, slysa, fötlunar, atvinnuleysis eða öldrunar.

Til þess að ráðgjöfin skili sem mestum og bestum árangri er áhersla lögð á samvinnu við önnur svið bæjarins og stofnanir. Má þar nefna samvinnu við fræðslusvið, HSN á Akureyri, Sjúkrahúsið á Akureyri (SAk), VIRK, Starfsendurhæfingu Norðurlands, Vinnumálastofnun, SÁÁ og Bjarmahlíð, miðstöð fyrir þolendur ofbeldis. Samstarf í einstaklingsmálum fer fram í samráði við og með samþykki viðkomandi einstaklings og er jafnan lykilatriði í því að ná samfellu og árangri.

Ráðgjöf vegna fjölskyldumála

Ráðgjafar í félagsþjónustu veita foreldrum og forráðamönnum ráðgjöf og stuðning vegna uppeldis barna og unglinga. Ráðgjöfin er oft veitt í samvinnu við bæði skólaþjónustu fræðslusviðs og barnavernd. Auk þess að veita ráðgjöf vegna barna er veitt ráðgjöf er snýr að samskiptum í fjölskyldu t.d. vegna sambúðarslita, breytinga sem kunna að verða vegna fötlunar, slysa eða öldrunar.

Samvinna eftir skilnað (SES)

Í apríl 2022 ákvað velferðarsvið Akureyrarbæjar að innleiða Samvinna eftir skilnað (SES).


Samvinna eftir skilnað felst í ráðgjöf til foreldra sem standa í skilnaði eða hafa gengið í gegnum skilnað og vilja stuðla að betri foreldrasamvinnu með hagsmuni barnanna að leiðarljósi.

Markmið SES er að koma í veg fyrir og/eða draga úr ágreiningi foreldra og hjálpa til við og bæta samskipti þeirra á milli.

Samvinna eftir skilnað (samarbejde efter skilsmisse - SES) var upphaflega þróað í Danmörku og hafa rannsóknir sýnt marktækan mun á líðan þeirra sem taka þátt í verkefninu og þeirra sem ekki gerðu það. SES var því innleitt á velferðarsvið sem hluti af þjónustu sviðsins.

Alls hafa sjö starfsmenn sviðsins lokið námskeiði og tveir þeirra fengið starfsleyfi sem SES skilnaðarráðgjafar. Innleiðingarferlið hófst á því að bjóða starfsfólki helstu innviða bæjarins, þ.e. lögreglu, heilsugæslu, SAk, sýslumanninum, prestum, skólum og fleirum upp á kynningu á efninu. Auk kynningar á stafrænum vettvangi SES, www.samvinnaeftirskilnad.is, sem hefur að geyma námskeið, æfingar og gagnreynt námsefni fyrir foreldra þeim að kostnaðarlausu, býður velferðarsvið Akureyrarbæjar foreldrum barna á aldrinum 0-18 ára sem telja sig þurfa meiri stuðning upp á sérhæfða ráðgjöf hjá SES ráðgjöfum velferðarsviðs og hópnámskeið. Árið 2022 voru haldin tvö námskeið, eitt í maí og annað í október, og komu alls 9 manns


Tölulegar upplýsingar



Fjárhagsaðstoð


Hér má sjá heildarfjölda samþykktra umsókna og fjárhagsaðstoð á verðlagi 2022.

Mynd 2 – Samþykktar umsóknir



Hér má sjá hvernig fjárhagsaðstoð skiptist eftir gerð fjölskyldna.

Mynd 3 – Fjölskyldugerð




Eins og sést er lítil breyting á því á milli ára hvaða aldursflokkur nýtur helst fjárhagsaðstoðar.

Mynd 4 – Skipting eftir aldri

Samræmd móttaka flóttafólks

Bæjarstjóri og þáverandi Félags-og barnamálaráðherra skrifuðu undir samning árið 2021 um samræmda móttöku flóttafólks sem felst í því að vera móttökusveitarfélag fyrir flóttafólk og einstaklinga sem hlotið hafa alþjóðlega vernd hér á landi og hafa þegið boð um að setjast að í móttökusveitarfélagi. Samningurinn var tilraunarverkefni til eins árs og samþykkti Akureyrarbær að taka að sér flóttafólk sem svarar ígildi hálfs stöðugildis sem ríkið greiddi fyrir.

Þegar samningurinn rann út var tekin ákvörðun um að endurnýja og stækka samninginn, en í desember 2022 voru um 140 manns sem höfðu komið sem flóttafólk á undanförunum tveimur árum og heyrðu undir samninginn um samræmda móttöku flóttafólks.



Mynd 5 – Vinnumarkaðsúrræði

Vinnumarkaðsúrræði

Atvinnuáttak Akureyrarbæjar og Fjölsmiðjunnar er ætlað vinnufærum einstaklingum sem ekki eiga rétt á atvinnuleysisbótum og hafa fengið fjárhagsaðstoð frá velferðarsviði.

Á mynd 5 má sjá hversu margir hafa verið í sérstaka atvinnuáttakinu og Fjölsmiðjunni.

Einstaklingar sem ekki eru vinnufærir og þurfa endurhæfingu til að endurheimta vinnugetu sína eru aðstoðaðir við að leita sér hjálpar


innan heilbrigðiskerfisins. Einnig getur félagsþjónustan vísað á Fjölsmiðjuna á Akureyri sem er vinnusetur fyrir ungt fólk á aldrinum 16-24 ára og er hvorki í skóla né vinnu.

2.2 Félagslegt húsnæði

Stærð íbúða	Almennar umsóknir	Umsóknir um flutning	Á biðlista 31.12.22	Á biðlista 31.12.21	Áætlaður biðtími
2 herbergja	101	11	112	101	4 ár
3 herbergja	31	5	36	20	3-4 ár
4 herbergja	18	6	24	22	3 ár
5 herbergja	6	2	8	10	3 ár
Samtals	156	24	180	153	

Rekstur félagslegs leigu-húsnæðis tryggir framboð á leiguhúsnæði til handa einstaklingum og fjölskyldum sem ekki hafa kost á að afla sér húsnæðis með öðrum hætti. Um er að ræða almennt félagslegt leiguhúsnæði, húsnæðisúrræði fyrir fatlað fólk og sértækt húsnæði (áfangaheimili).


Tafla 1 – Umsóknir í félagslegt húsnæði



Mynd 6 - Þróun fjölda umsókna á biðlista

Meðfylgjandi mynd sýnir þróun á biðlista, án flutningsbeiðna, í lok hvers árs frá 2018. Vaxandi eftirspurn er eftir minni íbúðum.


Á árinu 2022 bárust samtals 94 nýjar umsóknir um félagslegt leiguhúsnæði til Akureyrarbæjar, að meðtöldum umsóknum um áfangaheimili og sértækt húsnæðisúrræði fyrir fatlað fólk. 64 umsóknir voru samþykktar og bættust við listann.



Mynd 7 – Samþykktar umsóknir og ástæða höfnunar

Á árinu 2022 fengu 23 umsækjendur úthlutun samanborið við 46 árið 2021 vegna minni hreyfinga á leigjendum. Færri íbúðir losnuðu í nýja leigu.

Fjöldi félagslegra íbúða er alls 345 eignarhlutir, þar af 330 leiguíbúðir og fækkaði þeim um tvær.




Mynd 8 – Leiguíbúðir eftir staðsetningu

Hér má sjá dreifingu félagslegs húsnæðis í eigu Akureyrarbæjar í bæjarfélaginu.

Sérstakur húsnæðisstuðningur

Akureyrarbær greiðir út sérstakan húsnæðisstuðning, sem er fjárstuðningur til greiðslu á húsaleigu umfram almennar húsnæðisbætur.




Mynd 9 – Meðalupphæð mánaðargr. á uppreiknuðu verðlagi

Á árinu 2022 bárust 191 nýjar umsóknir um sérstakan húsnæðisstuðning. Af þeim voru 102 samþykktar, en 85 hafnað og tvær voru í bið um áramót.

Meðalupphæð sem greidd var til stuðningsþega árið 2022 var. 24.836 kr./mán. Heildarkostnaður við verkefnið var 82.481.776 kr. á árinu. Ef meðalstuðningur á mánuði síðustu fjögur ár er færður á meðalverðlag hvers árs (NVT í júlí/ár hvert) sést að raunstuðningur hefur lækkað enda hefur verðlag hækkað um 18% á tímabilinu.


2.3 Stuðnings- og stoðþjónusta (Heimaþjónusta)

Markmið stuðnings- og stoðþjónustu er að efla notendur til sjálfsbjargar og sjálfræðis og gera þeim kleift að búa sem lengst á eigin heimili við sem eðlilegastar aðstæður. Aldrað fólk er stærsti hópur þeirra sem fær stuðningsþjónustu. Fatlað fólk er stærsti hópur þeirra sem fær stoðþjónustu.



Mynd 10 – Fjöldi vinnustunda

Stuðningsþjónusta veitir samþætta persónulega þjónustu og þríf. Vert er að skoða að tímafjöldi vinnustunda hjá þeim sem eingöngu eru með persónulega þjónustu hefur fjölgað. Það má rekja til aukins fjölda aldraðra 80 ára og eldri sem dvelja heima þrátt fyrir hrakandi heilsu.



Mynd 11 – Samsetning stoðþjónustu


Stoðþjónusta er þjónusta við þá sem þurfa umfangsmikla aðstoð. Hún felur hún í sér margþætta aðstoð við ýmsar athafnir daglegs lífs til að koma í veg fyrir dvöl á stofnun.

Innan Stoðþjónustunnar eru þrjú sérhæfð teymi þar af sér eitt teymi um þjónustu við langveika einstaklinga sem búa í heimahúsi, eitt teymi sér um verulega líkamlega fatlaða einstaklinga í heimahúsi og þriðja teymið sinnir þroskaskertum einstaklingum í sjálfstæðri búsetu.



Mynd 12 – Stoðþjónusta og sértæk heimaþjónusta


Fleiri einstaklingar sem fatlast seinna á lífsleiðinni kjósa að búa heima í stað þess að flytjast á stofnun þrátt fyrir mikla þjónustubörf. Því eru nokkur heimili þar sem veitt er allt að sólarhringsþjónusta alla daga ársins. Þjónusta heimahjúkrunar er skipulögð í samvinnu við stuðnings- og stoðþjónustu.



Mynd 13 – Ráðgjöf í stuðningsþjónustu

Ráðgjöf í stuðningsþjónustu


Veitt er bæði almenn ráðgjöf í stuðningsþjónustu og ráðgjöf iðjuþjálfar. Markmið iðjuþjálfunar er að efla færni, heilsu og vellíðan einstaklingsins í samræmi við þarfir, getu og langanir hans þannig að hann verði eins sjálfbjarga og mögulegt er við þá iðju sem honum er mikilvæg. Þörf er á ráðgjöf og þjálfun þegar einstaklingar ná ekki að sinna daglegri iðju á fullnægjandi hátt.



Mynd 14 – Fjöldi þeirra sem naut aðstoðar vettvangsteymis

Vettvangsteymi

Vettvangsteymi er þjónusta fyrir einstaklinga með geðfötlun og viðvarandi vímuefnavanda. Þjónustan felst í því að starfsmenn eru til aðstoðar frá kl. 08:00 - 19:00 alla daga vikunnar. Veitt er aðstoð við innkaup, erindrektur, lyfjatöku og við aðrar athafnir daglegs lífs. Unnið er eftir hugmyndafræðinni um „Skaðaminnkandi nálgun“ sem miðar að því að draga úr heilsufars-, félags- og efnahagslegum afleiðingum vímuefnaneyslu.



Heimsendur matur

Stuðningsþjónustan sér um heimsendingu matar til þeirra sem vegna veikinda eða skertrar færni geta ekki eldað sjálfir. Alls nýttu 177 heimili sér heimsendan mat á árinu sem skiptist þannig að 145 flokkuðust sem heimili aldraðra og 32 heimili flokkuðust sem heimili öryrkja. Sjá má á mynd 15 að bæði fjöldi heimila og fjöldi útseldra matarskammta hefur aukist mikið á milli ára.

Mynd 15 – Heimsendur matur


3 Þjónusta við börn

3.1 Fjölskyldustuðningur


Fjölskyldustuðningur er nýtt teymi sem myndað var bæði í kjölfar sameiningar sviðanna og nýrra laga um *sambættingu þjónustu í þágu farsældar barna*. Unnið er eftir hugmyndafræði snemmtækrar íhlutunar er varðar ung börn, hvort sem um er að ræða fötlun, fyrirbura eða annan þann vanda sem veldur álagi í fjölskyldum. Í snemmtækri íhlutun er horft til aðstæðna fjölskyldunnar í heild sinni og áhersla er á að byggja upp traust og góða samvinnu við foreldra.

Undir teymið heyrir ráðgjöf í málefnum fatlaðra barna og fjölskyldna þeirra, Askjan fjölskyldustuðningur, stuðningsfjölskyldur, málstjóri í sambættingu þjónustu fyrir börn. Einnig sitja forstöðumenn skammtímavistunar og heimili fyrir börn í Sportatúni meðferðarfundi teymisins.

Ráðgjafar fjölskyldustuðnings veita fjölskyldum fatlaðra barna aðstoð í formi ráðgjafar, þjálfunar og stuðnings á heimilinu frá greiningu og fram að leikskóla. Fyrstu kynni foreldra fatlaðra barna af þjónustunni og þeim aðilum sem veita hana skiptir miklu og þess vegna er sérstök áhersla lögð á þennan hluta. Stundum er stuðningur tímabundinn en þegar um fötlun er að ræða heldur stuðningurinn áfram eins lengi og þarf. Ráðgjafinn er tengiliður fjölskyldunnar við þjónustukerfið, kynnir mögulega þjónustu fyrir foreldrum og liðsinnir þeim við að óska eftir þjónustu vegna fötlunar barnsins, sækir um forgang í leikskóla og styður foreldra við undirbúning þar vegna sérþarfa barnsins. Ráðgjafi er í samvinnu við greiningar og þjónustuaðila fjölskyldunnar.



Mynd 16 – Fjöldi mála



Mynd 17 – Fjöldi fatlaðra barna sem fengið hafa þjónustu

Askjan veitir ýmsa fræðslu og ráðgjöf er varðar uppeldi og heimilishald til foreldra sem eiga í erfiðleikum með uppeldishlutverkið, ýmist vegna aðstæðna foreldra, erfiðleika hjá barninu eða annarra umhverfisþátta. Þjónustan er fyrst og fremst í formi heimsóknna inn á heimili.

Tilvísanir í Öskjuna koma frá félagsþjónustu, barnavernd og skólaþjónustu á fræðslu- og lýðheilsusviði.

Umönnunarmat, framfærendur fatlaðra og langveikra barna eiga rétt á aðstoð frá Tryggingastofnun ríkisins ef sjúkdómur, andleg og/eða líkamleg hömlun hefur í för með sér sannanleg tilfinnanleg útgjöld og/eða sérstaka umönnun/gæslu. Hlutverk velferðarsviðs er að gera tillögur til Tryggingastofnunar varðandi umönnunarmat fyrir fötluð börn.

Fjöldi barna með stuðningsfjölskyldu			
	2020	2021	2022
Þjónustuflokkur I	7	6	5
Þjónustuflokkur II	10	14	10
Þjónustuflokkur III	11	7	6
Félagsþjónusta	9	17	7
Helgardvöl	16	10	13
Alls	53	54	41

Tafla 2 – Fjöldi barna með stuðningsfjölskyldu

Stuðningsfjölskyldur í félagsþjónustu eru annars vegar í boði fyrir fötluð börn og fjölskyldur þeirra skv. lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir og hins vegar fyrir þá sem búa við félagslega erfiðleika.

Helgardvöl er úrræði sem sett var á laggirnar árið 2019 þegar skortur var á stuðningsfjölskyldum. Börnin mæta aðra hvora helgi og er starfsemin staðsett í húsnæði Skógarlunda.


3.2 Barnavernd

Barnaverndarnefnd Eyjafjarðar er sameiginleg nefnd fyrir Akureyri og nágrannasveitarfélög. Sérhæfðir starfsmenn hennar á velferðarsviði Akureyrarbæjar voru sjö í byrjun árs en vegna langvarandi álags í málavinnslu var tekin ákvörðun um að fjölga starfsmönnum um heilt stöðugildi tímabundið.

Nokkur vatnaskil hafa orðið í málaflokknum með tilkomu breytinga á barnaverndarlögum, sérstaklega varðandi þá ákvörðun að leggja niður barnaverndarnefndir í landinu. Í lok ársins var búið að stofna fjögur umdæmisráð á landinu. Akureyrarbær ásamt nágrannasveitarfélögunum í hinni gömlu barnaverndarnefnd Eyjafjarðar urðu þá hluti af umdæmisráði barnaverndar á landsbyggðinni ásamt 41 öðru sveitarfélagi. Hlutverk umdæmisráðsins sem skipað er þremur fagaðilum er að taka við úrskurðarhlutverki barnaverndarnefndarinnar. Meginmarkmið breytinganna er að efla sjálfstæði og auka vægi fagfólks þar sem teknar eru íþyngjandi ákvarðanir í lífi barna og fjölskyldna þeirra. Með breytingunum mun almenn stjórnslá barnaverndarþjónustu á Akureyri heyra undir velferðarráð Akureyrarbæjar en úrskurðarvald í einstökum málum verður í höndum umdæmisráðs barnaverndar.

Á árinu 2022 kom barnaverndarnefnd Eyjafjarðar saman á 13 fundum þar sem 24 börn komu til umfjöllunar. Kveðnir voru upp tíu úrskurðir hjá nefndinni. Í fjórum tilvikum var kveðið á um forsjárviptingu og tíu sinnum sneru ákvarðanir um vistun barna utan heimilis.

Meginverkefni barnaverndarþjónusta er að tryggja að börn sem búa við óviðunandi aðstæður eða börn sem stofna heilsu sinni og þroska í hættu fái nauðsynlega aðstoð.



Mynd 18 – Fjöldi tilkynninga til barnaverndar og fjöldi barna

Fjöldi þeirra barna sem afskipti eru höfð af á grundvelli barnaverndarlaga fór yfir 400 á þessu ári. Það má leiða líkum að því að ástandið vegna Covid – 19 faraldursins hafi haft sitt að segja um aukninguna árin á undan en að auki virðast aðstæður barna hafa farið versnandi á síðustu árum sem endurspeglar aukna þörf af afskiptum af börnum á grunni barnaverndarlaga. Þá má einnig rekja aukningu barnaverndartilkynninga til vaxandi vitundarvakningar fólks í samfélaginu.

Ástæður barnaverndartilkynninga			
	2020	2021	2022
Vanræksla	299	292	291
Ofbeldi	137	163	162
Áhættu hegðun barns	161	193	219
Heilsa eða líf ófæddis barns í hættu	1	8	5
Samtals	598	656	677

Tafla 3 – Ástæður tilkynninga

Flestar tilkynningar til barnaverndar eru vegna vanrækslu þó þeim fækki lítillega á þessu ári. Af þeim 286 tilkynningum um vanrækslu barna vörðuð flestar áfengis- og vímuefnaneyslu foreldra.

Tilkynningum um áhættu hegðun barna heldur áfram að fjölga og er það ákveðið áhyggjuefni. Fjöldi tilkynninga um ofbeldi gegn börnum stendur í stað.

Hver tilkynnir?			
	2020	2021	2022
Barnið sjálft	1	3	6
Ættingjar barns	47	49	37
Nágrannar	44	23	20
barnaverndarnefnd	11	1	17
Félagsþjónusta	6	19	15
Lögregla	243	282	241
Skóli, sérfræðipj. skóla	45	66	104
Leikskóli/gæsluforeldri	11	10	11
Læknir/heilsug./sjúkrahús	60	77	80
Foreldri með forsjá barns	39	32	36
Foreldri án forsjár	4	3	9
Íþróttir og tómstundastarf			2
Annað nærumhverfi barns			51
Aðrir	87	91	48
Samtals	598	656	677

Tafla 4 – Hver tilkynnir?

Lögreglan tilkynnir í flestum tilfellum eins og öll undanfarin ár en þó fækkaði þeim frá því á síðasta ári. Áberandi er fjölgun tilkynninga frá skólum og skólapijónustu og trónir það í öðru sæti þetta árið. Sami fjöldi tilkynninga barst frá heilbrigðisþjónustu og á árinu 2021 en þeim hafði þá fjölgað nokkuð á milli ára.

Vistunarúrræði	Fjöldi barna		
	2020	2021	2022
Varanlegt fóstur	23	24	29
Varanlegt fóstur eftir 18 ára aldur	3	2	3
Tímabundið fóstur	8	9	7
Styrkt fóstur	1	3	7
Vistun á einkaheimilum	15	11	19
Stuðningsfjölskyldur	19	25	20
84 gr.	7	4	17
Greiningar- og meðferðavistun á Stuðlum	1	2	2
Neyðarvistun	0	2	3

Tafla 5 – Vistunarúrræði

Fósturráðstafanir og aðrar vistanir.

Með fósttri er átt við að barnavernd feli fósturforeldrum umsjá barns í minnst þrjá mánuði. Fósturráðstafanir eru þrenns konar: tímabundið fóstur, varanlegt fóstur og styrkt fóstur.

Barnaverndarþjónustan hefur yfir að ráða fjórum einkaheimilum og einu greiningar- og þjálfunarheimili sem nefnt hefur verið Miðholt. Þetta eru vistunarúrræði til skemmri tíma ætluð börnum og ungmennum. Einkaheimilin eru vistunarúrræði í bráðatilvikum en markmið með greiningar- og þjálfunarvistun er að greina betur vanda barns og foreldra og veita markvissa þjálfun til að gera barni kleift að snúa aftur heim. Greiningar- og þjálfunarvistun er ætlað að vara í allt að átta vikur og er lögð áhersla á stuðning við uppeldi, tengsl og samskipti. Þá er lögð áhersla á að sérfræðingar komi að máli barns og foreldra eins og þörf er á hverju sinni.

Stuðningsfjölskyldur er mikilvægt úrræði í allri barnaverndarvinnu en barnaverndarþjónusta ber að hafa tiltækar stuðningsfjölskyldur til að koma til móts við börn í sérstaklega viðkvæmri stöðu þar sem markmiðið er að meðal annars að styrkja stuðningsnet barna og veita þeim öryggi, létta álagi af börnum og fjölskyldum þeirra og styðja foreldra í uppeldishlutverkinu.


Samstarfsaðilar og helstu verkefni

Starfsmenn barnaverndarþjónustu eru í faglegu samstarfi við grunnskólana í umdæmi barnaverndarnefndar Eyjafjarðar. Tengiliður frá barnavernd er við hvern skóla og flesta leikskóla sem hefur reynst vel. Einnig er mikið og gott samstarf við lögregluna þar sem lögð er áhersla á verkefnið „Meðan glugginn er opinn“, viðbrögð við heimilisofbeldi.

Tilsjón og persónulegur ráðgjafi eru úrræði sem mikil þörf hefur verið fyrir. Að auki hefur barnaverndarþjónusta verið með sérstakan samning við aðila sem sjá um óboðað eftirlit á heimilum.

3.3 Búseta og vistun fatlaðra barna utan heimilis

Í Sporatúni er starfrækt annarsvegar búsetuúrræði fyrir eitt barn og hins vegar sérhæfð skammtímaþjónusta fyrir tvö önnur börn. Þjónustuþegar eru börn sem vegna þjónustuþyngdar og fötlunar geta ekki nýtt sér skóla-, frístunda- og skammtímaþjónustu eða neyðarvistun fatlaðra barna og ungmenna í Skammtímaþjónustunni Þórunnarstræti 99.



Mynd 19 – Skammtímaþjónusta

Lífsleikni er sérhæfð leiðsögn sem miðar að því að auka lífsleikni einstaklinga með verulegar stuðningsþarfir sem lokið hafa námi af sérbraut VMA. Fjórir einstaklingar nýttu sér þessa þjónustu á árinu.


Lífsleikni	2020	2021	2022
Lífsleikni fjöldi tíma	3.425	4.020	4.544
Lífsleikni fjöldi daga	685	804	883

Tafla 5 – Lífsleikni

Skammtímaþjónusta, er stoðþjónusta þar sem fjölskyldur barna og annars fatlaðs fólks, sem enn býr í foreldrahúsum, með verulega fötlun eiga kost á tímabundinni dvöl þegar þörf krefur.

Skammtímaþjónusta býður upp á neyðarvistun ef óvænt atvik eða áföll koma upp hjá fjölskyldum notenda. Í skammtímaþjónustu voru alls 20 einstaklingar á árinu, 15 voru yngri en 18 ára. Vistunarsólarhringar skammtímaþjónustu árið 2022 voru 1.529 þar af 52 neyðarvistunarsólarhringar.

Tilgangur verkefnisins er annars vegar að til séu úrræði fyrir hóp einstaklinga sem þurfa stuðning þann hluta dagsins sem þeim býðst ekki hæfing eða vinna og hins vegar að þeir einstaklingar sem sótt hafa um búsetuúrræði séu sem best undirbúnir fyrir sjálfstæða búsetu.



Mynd 20 – Frístundaþjónusta

Frístundaþjónusta, boðið er upp á frístundaþjónustu frá kl. 13:00 - 17:00 virka daga fyrir börn/ungmennni á aldrinum 10–20 ára sem eru með skilgreinda mikla fötlun. Yfir sumartímann er einnig í boði vistun fyrir sama markhóp en 6 – 9 ára börn bætast við. Í boði eru ýmis tómstundatilboð, frjáls leikur, útivera og vettvangsferðir. Alls nýtti 21 barn þessa þjónustu árið 2022.

4 Heimili og virkni

4.1 Plastiðjan Bjarg-Iðjulundur

Plastiðjan Bjarg-Iðjulundur (PBI) er staður starfsþjálfunar auk þess að vera vinnustaður fyrir fatlað fólk í ótímabundinni ráðningu. Uppistaða verkefna er létt iðnaðarframleiðsla og þjónusta. Framleitt er m.a. raflagnaefni, kerti, búfjármerki, mjólkursíur, diskapurrkur, klútar og skilti. PBI er til húsa að Furuvöllum 1 og opnunartími er frá kl. 8-16 virka daga.

Á PBI fer fram starfsþjálfun og vinna fyrir fatlað fólk. PBI er vinnustaður fyrir fólk sem vegna fötlunar eða af öðrum ástæðum er með skerta starfsgetu. PBI starfar skv. lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018. Rekstraraðili er Akureyrarbær.

Á PBI er farið eftir tvenniskonar lögum. Annarsvegar 22. grein laga sem snýr að því að hverskonar atvinnu- og hæfingatengdri þjónustu sem ætluð er fötluðu fólki teljist til vinnumarkaðsúrræða og er samstarf Vinnumálastofnunar og sveitarfélaga. Hins vegar er unnið eftir 2. grein laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningþarfir, þar sem kveðið er á um rétt fatlaðra til stuðnings til atvinnu- og samfélagsþátttöku. PBI leggur áherslu á að finna viðeigandi störf fyrir þann fjölbreytta hóp sem þangað sækir.

Starfsfólk PBI	Fjöldi	Stöðugildi
Starfsþjálfun 30%	19	5,7
Starfsþjálfun 50%	5	2,5
Ótímabundin ráðning 30%	10	3,0
Ótímabundin ráðning 50%	8	4,0
Ótímabundin ráðning 70%	3	2,1
Annað starfsfólk	14	13,2
Alls	59	30,5

Tafla 6 – Starfsfólk PBI

Starfsendurhæfing og starfsþjálfun er ætluð einstaklingum á aldrinum 18-70 ára. Starfsþjálfun er tímabundin og er hugsuð til sex mánaða í senn en hægt er að framlengja tímabundna ráðningarsamninga, ef þörf er á frekari þjálfun eða ef bið er í önnur atvinnutilboð. Markmiðið með starfsþjálfun og starfsendurhæfingu er að þjálfa einstaklinga til starfa og meta möguleika þeirra til vinnu á almennum vinnumarkaði. Að lokinni

starfsþjálfun fengu tveir af ofangreindum einstaklingum starf með aðstoð Vinnumálastofnunar. Fimm einstaklingar hættu vegna veikinda eða af öðrum ástæðum.

Ótímabundin ráðning (áður kölluð vernduð vinna) er ætluð starfsmönnum sem lokið hafa starfsþjálfun en geta ekki nýtt sér önnur atvinnutilboð á almennum vinnumarkaði.

Í árslok 2022 voru alls 14 aðrir starfsmenn á PBI í 13,2 stöðugildum. Auk fagfólks og verkamanna kemur inn starfsfólk á vegum sérstaks atvinnuúrræðis, einn er með ráðningastyrk frá Vinnumálastofnun og einn er á örorkuvinnusamningi. Fjórir starfsmenn komu í vinnupröfu frá Starfsendurhæfingu Norðurlands.

Samstarf

Samstarf og samráðsfundir eru á milli PBI og ýmissa stofnana ríkis- og sveitarfélaga varðandi verkefni og þjónustu við notendur. Nemendur frá VMA hafa komið til okkar í starfsþjálfun, nemendur frá sérdeildum grunnskóla hafa komið í heimsókn, leikskólar hafa heimsótt okkur á aðventunni og háskólanemar í þroskaþjálfrafræðum og iðjuþjálfrafræði hafa verið hér í starfsnámi. Nemendur framhaldsskólana, VMA og MA hafa fengið fræðslu og aðstöðu hjá okkur til að vinna að nýsköpunarverkefnum.

Verkefni

Verkefnastaða PBI árið 2022 var góð. Framleiðsla á búfjármerkjum hefur gengið vel eins og undanfarin ár. Eftirspurn eftir raflagnaefni var stöðug, sala á mjólkursíum er svipuð og á síðasta ári og sala útikerta stóð í stað. Við finnum fyrir samkeppni varðandi dýfð veislu kerti en okkur tókst að auka söluna í ár. Það kom til að Bónusverslanir á Akureyri seldu kerten okkar og aukning varð á kertasölu til íþróttafélaga vegna fjáraflana.

Bómullartuskum og efnum er safnað og unnir úr þeim tuskubaggar til að selja t.d. verkstæðum og útgerðarfélögum. PBI hefur m.a. fengið dygga aðstoð frá Rauða Krossinum og Hjálpræðishernum við söfnun efna sem og frá einstaklingum og ýmsum stofnunum á Akureyri.

4.2 Hæfingarstöðin í Skógarlundi

Í Skógarlundi er boðið upp á þroska-, iðju- og starfsþjálfun fyrir einstaklinga með langvarandi stuðningsþarfir. Skógarlundur er opinn frá 08.00 – 16.00 virka daga og boðið er upp á hálf dags þjónustu, annað hvort fyrir eða eftir hádegi. Unnið er á sex starfsstöðvum og allir sem koma í þjónustu vinna á tveimur starfsstöðvum á dag. Fjölbreytnin eykur virkni og starfsgleði. Starfsstöðvarnar eru: Skapandi starf, vinnuþjálfun, gagnaeyðing, smíðar og handverk, hreyfing og tölvur og rofar. Einnig er boðið upp á skynörvun og tjáskipti.

Aðalmarkmiðið með vinnu og virkni er að fullorðið fólk fái tækifæri til vinnu, virkni og möguleika á að starfa að fjölbreyttum verkefnum. Lögð er áhersla á að allir séu virkir þátttakendur og vinnan aðlöguð að hverjum og einum. Starfsstöðvarnar bjóða upp á fjölbreytt verkefni sem taka tillit til áhuga og þarfa með virðingu að leiðarljósi.

Tölulegar upplýsingar			
	2020	2021	2022
Einstaklingar í þjónustu	44	43	45
Þjónustustundir	37.934	39.916	40.208

Tafla 7 – Tölulegar upplýsingar

Eins og sjá má hefur þjónustustundum fjölgað töluvert á undanförnum árum. Leiðbeinendur eru 18 í 16 stöðugildum. Talsvert var um mannabreytingar og langtímaveikindi.

Starfið

Heimsóknir og kynningar á Skógarlundi hafa aldrei verið fleiri. Lions klúbburinn Sif og Ösp, þroskaþjálfanemar, þroskaþjálfar frá Dalvík til að kynna sér talvélar, Soroptimista klúbburinn kom í heimsókn, starfsmenn frá Siglufirði, starfsmenn frá Sauðárkróki, VMA, Lækjarási og Bjarkarási, Velferðarsvið Reykjavíkur og Iðjuþjálfar frá HA.

Í byrjun mars var hafin söfnun fyrir hjóli sem ætlað er bæði fyrir hendur og fætur. Það er ekki með sæti svo fólk í hjólastólum getur einnig nýtt sér hjólið. Send voru út 15 bréf á ýmis félagasamtök og sjö þeirra styrktu kaupin og var hjólið komið í hús í júní. Til að þakka fyrir stuðninginn var þeim félagasamtökum sem tóku þátt í kaupunum boðið í heimsókn í Skógarlund í kaffi og kökur.

Miðstöðin tómstundastarf

Í október 2021 var Miðstöðin stofnuð og markmiðið var að bæta glataðar tómstundir á covid tímabilinu. Miðstöðin starfaði í október og nóvember árið 2021 en v. covid hófst starfsemin ekki aftur fyrr en í apríl 2022. Miðstöðin hefur haldið 17 viðburði á árinu í Skógarlundi og einn í sal Lundarskóla. Viðburðirnir hafa verið fjölbreyttir t.d. bingó, böll, kvikmyndakvöld, spilakvöld, tónleikar á Græna hattinum, grillpartý, halloween partý og kaffihús. Á öllum viðburðum hefur nánast verið fullt hús. Jólatóleikar voru haldnir á Græna hattinum – sing along og heppnaðist frábærlega.

Fréttabréf Skógarlunda

Í september sendi Skógarlundur út fyrsta fréttabréfið með upplýsingum og myndum úr starfinu. Fréttabréfið fór á heimili starfsmanna og er gefið út mánaðarlega.

Myndlistarsýning í Glerárkirkju

Skógarlundi var boðið að halda sýningu á listaverkum í anddyri Glerárkirkju 3 – 6. desember. Á sýningunni voru margskonar listaverk s.s. vegglistaverk, listaverk úr leir og gleri.

4.3 Laut athvarf fyrir geðfatlaða

Laut er athvarf fyrir fólk með geðraskanir, staðsett í Brekkugötu 34 á Akureyri. Akureyrarbær tók yfir rekstur Lautar í september 2019. Markmiðið með rekstri Lautar er að rjúfa félagslega einangrun, draga úr fordómum og auka lífsgæði þeirra sem eiga við geðræna sjúkdóma að stríða.


Í Laut er boðið uppá heitan mat í hádeginu fyrir 700 kr. og kaffi fyrir 100 kr. Þar er boðið upp á hreyfingu, gönguferðir, sundleikfimi og sundferðir svo eitthvað sé nefnt. Einnig er mikið um spil, handavinnu o.s.frv. Þar er baðaðstaða, þvottavél, hvíldarherbergi, tölvuaðstaða, föndurherbergi auk þess sem þar er stór garður sem býður upp á margt skemmtilegt. Laut er staðsett við miðbæ Akureyrar nálægt t.d. Amtbókasafninu, menningarhúsinu Hofi og Glerártorgi svo eitthvað sé nefnt.

Á árinu 2022 voru alls 2674 heimsóknir í Laut, eða að meðaltali 11 manns á dag.

4.4 Búsetuþjónusta fyrir fatlað fólk

Búsetuþjónusta fyrir fatlað fólk er mjög fjölbreytt. Á síðasta ári nutu 67 einstaklingar þjónustunnar í þjónustukjörnum eða sambýlum. Að auki voru einstaklingar sem fengu sértæka heimaþjónustu/stoðþjónustu. Sameiginlegt öllum þeim sem fá þessa þjónustu er að þeir hafa farið í mat á stuðningsþörf (SIS mat). Akureyrarbær líkt og önnur sveitafélag óska eftir greiðslum úr Jöfnunarsjóði til að þess standa straum af kostnaði við þessa þjónustu.

Tekið er á móti umsóknum í gegnum þjónustugátt á heimasíðu Akureyrarbæjar um félagslegt húsnæði og sérútbúið húsnæði ætlað fötludu fólki.




Þjónustukjarnar eru nokkrar íbúðir undir sama þaki eða stutt á milli þeirra. Í sumum tilfellum er sameiginlegt rými fyrir íbúa og/eða starfsmannaaðstaða. Mjög misjafnt er hversu mikla þjónustu og stuðning íbúarnir fá en það fer eftir þörfum hvers og eins. Þrír einstaklingar í þjónustukjarna eru í öryggisvistun en öryggisvistun er úrræði fyrir ósakhæfa dæmda einstaklinga. Íbúðirnar eru sérstaklega hannaðar með þetta í huga auk þess sem mönnun tekur mið af þeirri þjónustu.

Mynd 21 – Búsetuþjónusta fyrir fatlað fólk

Eins og sjá má á mynd 21 hefur þróun í búsetumálum fatlaðs fólks verið sú að þeim fækkar sem búa á sambýlum en fjölga sem búa í þjónustukjörnum og einnig fá fleiri íbúar stoðþjónustu.

Þjónustukjarnar og sambýli	Íbúar	Utankjarna- þjónusta	Stöðugildi starfsmanna
Geislatún	5		13,0
Borgargil	6		15,1
Klettatún	5	3	15,4
Kjalarsíða	5		10,9
Snægil (herbergjasambýli)	5		10,0
Klettaborgir	7		15,6
Þrastalundur	7		18,3
Hafnarstræti	6	3	32,2
Eiðsvallagata	6	2	8,1
Hamratún, Vallatún og Skútagil	15		24,4
Alls	67	8	163

Tafla 8 – Íbúar og stöðugildi í þjónustukjörnum og sambýli




Mynd 22 - Biðlisti eftir sértækri búsetu

Biðlisti eftir sértækri búsetu

Á biðlista eftir búsetu voru 19 einstaklingar í árslok 2022. Allir umsækjendur voru á bið eftir þjónustukjarna. Engar umsóknir voru á biðlista vegna barna eftir varanlegu búsetuúrræði.

4.5 Notendastýrð persónuleg aðstoð (NPA)



Mynd 23 – Fjöldi NPA saminga

Árið 2022 voru átta samningar þar af einn vegna barns. Það er ljóst að þetta þjónustuform hentar hópi fólks vel þó aukning í fjölda samninga sé ekki að verða að veruleika þar sem fjármagn frá ríki til að standa undir 25% af kostnaði hefur verið takmarkaður. Gerðir hafa verið nokkrir notendasamningar til að koma til móts við þarfir þjónustuþega, oft tímabundnir. Sama hugmyndafræði er að baki þeim samningum en enginn endurgreiðsla fæst vegna þeirra og þjónustumagn á bak við hvern samning alltaf lægra.

4.6 Samráð við hagsmunasamtök notenda

Frá 2018 hefur verið starfandi Samráðshópur um málefni fatlaðs fólks. Samsetning hópsins er þannig að þrír eru pólitískir fulltrúar þar af einn formaður hópsins. Grófin- geðverndarmiðstöð, Sjálfsbjörg á Akureyri og Þroskahjálp á Norðurlandi eystra eiga hvert sinn fulltrúa. Þjónustustjóri velferðarsviðs ritar fundargerðir og er formanni til aðstoðar við að ákveða dagskrá og afla efnis.

Samráðshópurinn kom saman sjö sinnum á árinu 2022 þar sem bæði var kynnt ýmis þjónusta, gerðar umsagnir um verkefni sem tengjast þjónustunni s.s. gerð reglna um þjónustuna og ýmislegt fleira.

5 Stöðugildi og þjónustutölur

Stöðugildi á velferðarsviði	2018	2019	2020	2021	2022
Skrifstofa	10,6	11,5	8,2	6,7	8,7
Félagsþjónusta	63,1	67,2	67,4	62	67,7
Þjónusta við börn	26,8	36,2	36,4	38,5	43,7
Heimili og virkni	184,9	177,5	176,3	212,5	209,3
Heildarsumma	285,3	292,3	288,2	319,6	329,5

Tafla 9 – Stöðugildi á velferðarsviði í desember 2022

Magntölur	2018	2019	2020	2021	2022
Fjöldi styrkþega í fjárhagsaðstoð	318	319	323	340	410
Fjöldi styrkþega sérstaks húsnæðisstuðnings	344	374	372	440	387
Heildarfjöldi leiguíbúða	342	342	338	345	343
Fjöldi úthlutaðra leiguíbúða á árinu	43	45	44	46	48
Einstaklingar með stuðnings- og stoðþjónustu	938	921	881	905	902
- einstaklingar með > 10 klst. á viku	34	33	36	35	40
- einstaklingar með > 15 klst. á viku	27	28	24	25	27
Heimili sem fengu stuðnings- og stoðþjónustu	712	688	669	691	692
Ráðgjöf í stuðningsþjónustu	281	370	362	433	331
Einstaklingar með heimsendan mat	133	108	106	169	177
Einstaklingar með búsetuþjónustu	76	73	70	72	67
- í þjónustukjörnum og sambýlum	55	55	54	56	51
- í þjónustukjörnum fyrir geðfatlaða	11	13	15	15	15
- á áfangaheimili	8	3	0	0	0
- börn í búsetuþjónustu	2	2	1	1	1
Fjöldi notenda Skógarlundur	49	44	44	49	44
Fjöldi notenda Plastiðjan Bjarg-Iðjulundur	55	57	47	44	45
Fjöldi tilkynninga í barnavernd	554	613	598	656	667
Fjöldi barna sem fá þjónustu frá barnavernd	305	340	397	401	416
Fjöldi fatlaðra barna í þjónustu	171	172	170	177	177
Málafjöldi í Öskjunni	52	57	55	73	71
Fjöldi notenda skammtímvistunar	19	20	20	19	20
Fjöldi barna sem nýta sér helgardvölina		7	16	10	13
Fjöldi fatlaðra barna með stuðningsfjölskyldur	45	47	53	54	41

Tafla 10 - Magntölur

Velferðarsvið Akureyrar / Árið	2018	2019	2020	2021	2022
Heildar rekstur velferðarsviðs Akureyrar	3.045.300.000	3.446.410.000	3.858.710.000	4.175.390.000	4.517.250.000
Félagsþjónusta Akureyrar / Árið	2018	2019	2020	2021	2022
1020100 Skrifstofa velferðarsviðs	8.200.000	9.300.000	7.700.000	178.900.000	168.000.000
1020120 Skrifstofa fjölskyldusviðs	214.400.000	186.800.000	126.900.000		
1020130 Skrifstofa búsetusviðs	34.600.000	52.300.000	33.600.000		
1021100 Fjárhagsaðstoð	120.400.000	153.700.000	156.500.000	168.300.000	189.800.000
1021800 Húsaleigubætur	75.000.000	81.500.000	76.200.000	93.300.000	82.500.000
1021900 Móttaka flóttamanna				1.900.000	-700.000
1023100 Barnavernd		68.900.000	132.700.000	139.800.000	163.200.000
1023500 Tilsjónarmenn	1.500.000	6.500.000	11.300.000	18.500.000	17.000.000
1023550 Fjölskyldustuðningur	9.800.000	10.600.000	12.300.000	14.900.000	53.000.000
1023600 Vistun á stofnunum og heimilum	86.600.000	92.000.000	132.300.000	122.700.000	119.900.000
1025655 Frístundaþjónusta fyrir fötluð börn	46.900.000	48.200.000	51.100.000	59.800.000	62.200.000
1025670 Laut athvarf fyrir geðfatlað fólk	9.600.000	8.000.000	4.300.000	10.700.000	12.300.000
1026500 Stuðningsþjónusta	219.900.000	241.900.000	273.600.000	304.200.000	339.800.000
1026510 Stoðþjónusta	95.800.000	110.500.000	139.000.000	91.300.000	135.800.000
1026520 Heimþjónusta stoð	42.700.000	60.100.000	71.200.000	73.000.000	35.900.000
1028110 Ýmsir styrkir og framlög	25.000.000	20.200.000	25.900.000	20.400.000	24.700.000
Alls	990.100.000	1.150.500.000	1.254.530.000	1.297.530.000	1.403.190.000

Málaflokkur fatlaðs fólks / Árið	2018	2019	2020	2021	2022
1025030 Sam.kostn.fatl.fólks	267.500.000	287.400.000	312.800.000	363.700.000	415.500.000
1025370 NPA og notendasamn.	68.000.000	143.100.000	179.900.000	159.400.000	247.900.000
1025390 Tömsundaúrræði Skógarlundi		2.200.000	3.100.000		
1025520 Búsbj Geislat/Haf 16	222.500.000	247.000.000	261.900.000	238.600.000	183.800.000
1025530 Búsetubj. Borgargili/Klettatúni	262.000.000	279.700.000	311.900.000	332.000.000	424.700.000
1025550 Búsetubj. utan kjarna	47.400.000	52.800.000	52.200.000	56.100.000	70.300.000
1025580 Búsetubj. Snægili og Kjalarsíðu	227.900.000	239.400.000	257.600.000	254.600.000	268.100.000
1025590 Búsetubj Þrastarl og Jörvabyggð	268.000.000	270.700.000	145.000.000		
1025595 Búsbj Klettab/Þrasta			180.800.000	421.400.000	478.700.000
1025600 Búsetubj. Hafnarstræti	117.500.000	87.200.000	104.000.000	138.800.000	80.500.000
1025610 Sérstök úrræði fyrir fötluð börn		61.500.000	108.800.000	117.000.000	117.600.000
1025630 Búsetubj.Eiðsvallagötu				88.000.000	102.600.000
1025650 Skammtímaþjónustan	136.700.000	168.100.000	175.100.000	180.000.000	154.700.000
1025660 Búsbj Ham/Skút/Valla	208.300.000	216.400.000	254.700.000	302.500.000	348.700.000
1025695 Húsnæðiskostnaður Búsetusviðs	7.500.000	6.900.000	7.100.000		
1025910 Plastiðjan Bjarg - Iðjulundur	76.900.000	79.500.000	82.300.000	66.100.000	50.600.000
1025950 Skógarlundur	143.700.000	153.600.000	165.700.000	158.600.000	170.300.000
1025970 Styrkir til náms og tækjakaupa	1.500.000	500.000	1.300.000	1.200.000	
Alls	2.055.200.000	2.295.910.000	2.604.180.000	2.877.860.000	3.114.060.000

Tafla 11 - Rekstrartölur